

RANNSÓKNASKÝRSLUR FERÐAMÁLADEILDAR HÁSKÓLANS Á HÓLUM

HH 2022/1



Staða málstefnu í stoðkerfi ferðaþjónustunnar
Skiptir hún máli?

Sigríður Sigurðardóttir
Ágústa Þorbergsdóttir
Anna Vilborg Einarsdóttir



© Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2022/1.

Útgefandi: Háskólinn á Hólum.
Sími (+354) 455 6300.
Vefpóstur: holar@holar.is
Veffang: www.holar.is

Titill: Staða málstefnu í stoðkerfi ferðaþjónustunnar. Skiptir hún máli?
Höfundar: Sigríður Sigurðardóttir, Ágústa Þorbergsdóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir.
Ljósmyndir: Ágústa Þorbergsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir.

Öll réttindi eru áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs samþykkis útgefanda.

ISBN 978-9935-9596-8-3



Byggðarannsóknasjóður Byggðastofnunar styrkti þessa rannsókn.

Ágrip

Markmiðið með rannsókninni var að afla þekkingar á stöðu íslensku í ferðaþjónustu á Íslandi og skoða um leið hvaða áherslur sveitarfélög og ferðamálayfirvöld leggja varðandi notkun tungumála í ferðaþjónustu. Sendar voru spurningar (sjá viðauka aftast í skýrslunni) til allra sveitarfélaganna, til átta landshlutasamtaka og jafn margra markaðsstofa og auk þess til Vegagerðarinnar sem hefur það hlutverk að setja upp vegvísa og upplýsingaskilti meðfram vegum. Sveitarfélögin voru spurð um áherslur í málstefnu sinni með tilliti til ferðaþjónustu á sínu svæði og hvort og þá hvaða skorður væru settar gagnvart tungumálum og hvernig þeim væri fylgt við leyfisskyld upplýsinga- og þjónustuskilti. Landshlutasamtökin voru spurð um hvort mótuð hefði verið stefna um málfar og tungumálanotkun gagnvart merkingum og skiltum sem tengdust ferðamennsku og markaðsstofurnar voru spurðar hvort og þá hvaða áherslur þær legðu á málnotkun í kynningum á sínum vegum. Þá var Vegagerðin m.a. spurð um stefnu um málfar á skiltum og hvort hún hefði leiðbeiningar til þeirra sem óska eftir að setja upp skilti.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að:

- fá sveitarfélög hafa sett fram málstefnu þrátt fyrir ákvæði þar um í sveitarstjórnarlögum frá 138/2011, hvorki fyrir almenna opinbera notkun né leiðsögn til ferðaþjónustufyrirtækja um málnotkun,
- markaðsstofurnar, landshlutasamtökin og Vegagerðin fylgja engum sérstökum reglum eða stefnu um málnotkun í markaðssetningu, hvorki á vefum eða skiltum,
- uppbyggingar- og menningarsjóðir landshlutasamtaka og sveitarfélaga hafa engar reglur um málnotkun.

Lykilorð: ferðaþjónusta, íslenska, málstefna, markaðssetning, enskuvæðing, erlend nöfn, landshlutasamtök, markaðsstofa, skilti, sveitarfélög.

Abstract

The aim of the research was to assess the state of knowledge about the use of Icelandic within the Icelandic tourism sector and, at the same time, examine whether local and tourism authorities place emphasis on the use of Icelandic as a primary language in the tourism industry. A questionnaire was sent out (see appendix at the back of the report) to every municipality, each of the eight regional municipal associations as well as regional marketing agency for tourism. It was also sent to the Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA) who is responsible for the erecting of road signs. The municipalities were asked whether a language policy concerning tourism was in place and whether it was enforced in the decision making regarding the licencing of service and tourism information signs.

Regional municipal associations were asked whether they had developed a language policy regarding signs and information for tourism and the marketing agencies were asked whether they placed emphasis on the use of the Icelandic language in their promotional material. The IRCA was asked about whether they had a language policy, and whether they provided guidance for those who wish to set up a road sign.

The research results are:

- Few municipalities have a language policy in place, despite this being mandated in the municipal governance act 138/2011, neither for general use nor as a guidance for tourism companies.
- The tourism marketing agencies, municipal associations and IRCA do not follow any specific rules or offer guidance for the use of language in marketing, neither for online promotional material nor on signs.
- The cultural and innovation funds run by the municipal associations have no rules regarding use of languages.

Keywords: tourism, Icelandic, language policy, marketing, anglicisation, non-Icelandic names for businesses, regional municipal associations tourism marketing agencies, information signs, municipalities.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Ljósmyndir og gröf.....	2
Inngangur	3
1 Staða þekkingar	4
2 Aðferðafræði og gildi rannsóknar	6
2.1 Framkvæmda- og samstarfsaðilar	6
2.2 Tilgangur og markmið	6
2.3 Lýsing á verkefninu í stuttu máli	6
2.4 Væntanlegur árangur, afurð	6
2.5 Gagnaöflun	7
2.5.1 Spurningar til sveitarstjórna	7
2.5.2 Spurningar til landshlutasamtaka	7
2.5.3 Spurningar til markaðsskrifstofa	7
2.5.4 Spurningar til Vegagerðarinnar	7
2.5.5 Reglur um tungumálanotkun hjá styrktarsjóðum landshlutasamtaka	7
3 Úrvinnsla – um stöðu málstefna.....	8
3.1 Svör sveitarfélaganna	8
3.1.1 Málstefnuáherslur sveitarfélaganna.....	8
3.1.2 Tungumál á leyfisskyldum auglýsinga- og upplýsingaskiltum.....	10
3.1.3 Umfjöllun um málstefnu sveitarfélaga í fundargerðum	12
3.2 Svör samtaka sveitarfélaganna	15
3.3 Svör frá landshlutatengdum markaðsstofum	17
3.3.1 Ferðamálasamtök	18
3.4 Uppbyggingar- og menningarsjóðir.....	18
3.5 Málfarstengd skilyrði skiltaleyfisveitinga Vegagerðarinnar	19
4 Umræður og niðurstöður	23
Lokaorð	25
Heimildir	26
Viðauki 1 Spurningar til sveitarstjóra/oddvita sveitarfélagsins	31
Viðauki 2 Spurningar til landshlutasamtaka sveitarfélaga	32
Viðauki 3 Spurningar til markaðsstofa landshlutanna	33
Viðauki 4 Spurningar til Vegagerðarinnar	34
Viðauki 5 Myndir af skiltum.....	35

Ljósmyndir og gröf

1 SVÖR SVEITARFÉLAGANNA.	8
2 SVÖRUN LANDSHLUTASAMTAKA SVEITARFÉLAGANNA.	15
3 DÆMI UM SKILTI ÞAR SEM ÍSLENSKA ER Í ÖNDVEGI.	35
4 DÆMI UM SKILTI ÞAR SEM UPPLÝSINGAR ERU EINGÖNGU Á ENSKU.	36
5 DÆMI UM SKILTI ÞAR SEM UPPLÝSINGAR ERU Á ÍSLENSKU OG ENSKU EN ÍSLENSKA KEMUR Á UNÐAN.	37
6 DÆMI UM SKILTI ÞAR SEM UPPLÝSINGAR ERU Á ENSKU ERU MEIRA ÁBERANDI EN ÞÆR ÍSLENSKU.	38

Inngangur

Áreiti á íslenska tungu hefur vaxið mikið á undanförunum árum, bæði af völdum þjóðfélagsbreytinga og hraðrar tækniþróunar. Þess vegna var ástæða til að fagna því að í sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar árið 2012, var kveðið á um að sveitarfélögin settu sér málstefnu (sveitarstjórnarlög nr. 138, 2011). Málstefna er mikilvæg til að allir viti á hvað ber að leggja áherslu gagnvart íslenskri tungu. Í vaxandi straumi ferðamanna árið um kring verður málstefna æ mikilvægari, jafnt á lands- og sveitarfélagavísu sem innan fyrirtækja sem stunda viðskipti við útlönd og eru í ferðaþjónustu. Því var forvitnilegt að skoða hvaða áherslur sveitarfélög legðu gagnvart notkun tungumála í ferðaþjónustu. Mismikil meðvitund er um stöðu tungumála almennt en ákveðinn vitnisburður um hana birtist okkur á auglýsinga- og upplýsingaskiltum bæði frá opinberum aðilum og ferðaþjónustufyrirtækjum sem sýna að enska er jafn oft og jafnvel fremur notuð en íslenska. Verði enska tekin fram yfir íslensku glötum við mikilvægum verðmætum og sérstöðu og til verður annars konar samfélag. Þar skiptir máli að sveitarfélög, landshlutasamtök, markaðsskrifstofur og aðrir hagaðilar verði meðvitaðir um stöðu mála og það er ástæða þess að við sendum spurningar til þeirra sem við teljum að standi í áhrifastöðu gagnvart notkun íslensku á vettvangi ferðaþjónustunnar.

Í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli 2010 komst Ísland verulega á kortið sem áfangastaður í ferðaþjónustu. Aðstæður í landinu breyttust hratt með vaxandi fjölda ferðafólks. Uppbygging innviða var hröð og á sama tíma var áberandi fjölgun í fjölda ferðaþjónustufyrirtækja sem báru ensk nöfn og nýjustu skiltin auglýstu vörur og þjónustu á ensku.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í hvaða áherslur eru lagðar á notkun íslensku í tengslum við ferðaþjónustu á landinu. Það gerum við m.a. með því að kanna:

- hvort sveitarfélög, samtök og félög ferðaþjónustunnar telja sig ábyrga gagnvart íslenskri tungu og stöðu hennar innan atvinnugreinarinnar,
- málfarstefnur og forsendur fyrir mótun málstefnu,
- hvort og hvaða áherslur eru lagðar á notkun íslensku í markaðssetningu þjónustu-, eftirlits- og umsjónaraðila með ferðaþjónustunni.

1 Staða þekkingar

Meginmarkmið þingsályktunar um íslenska málstefnu frá 2009, *Íslenska til alls*, var að stjórnvöld tryggðu að unnt væri að nota íslensku á öllum sviðum íslensks samfélags (Íslenska til alls, 2009, 11). Þetta er einnig meginmarkmiðið í endurskoðaðri málstefnu Íslenskrar málnefndar fyrir tímabilið 2021–2030 (Íslensk málnefnd, 2021). Í 9. kafla endurskoðaðrar málstefnu Íslenskrar málnefndar, þar sem fjallað er um íslensku í stjórnsýslu, opinberri þjónustu og atvinnulífi, er áhersla lögð á að efla jákvætt viðhorf til íslensku. Bent er á að æskilegt sé að viðhorf í atvinnulífinu sé alltaf á þann veg að fengur sé í að bjóða viðskipti og þjónustu á íslensku en hafa ensku samhliða eftir því sem þörf krefur. Með jákvæðu viðhorfi til íslensku í atvinnulífinu er átt við að:

- tryggja að íslenska sé alltaf fyrsta málið í samskiptum milli fólks,
- hafa allt auglýsinga- og kynningarefni aðgengilegt á íslensku en einnig á öðrum tungumálum ef þörf krefur,
- veita erlendu starfsfólki tækifæri til að læra íslensku á vinnutíma,
- veita erlendu starfsfólki sem er í tímabundinni vinnu þjálfun í undirstöðuatriðum íslensku,
- skilja að í íslensku er fólgin sérstaða sem ekki er aðeins eftirsóknarverð fyrir íbúa landsins heldur einnig erlenda gesti,
- skilja að í íslensku eru fólgin verðmæti sem ekki verða metin til fjár,
- skilja að það er sameiginlegt verkefni allra landsmanna að stuðla að varðveislu, vexti og viðgangi íslensku.

Vegna þess hve Ísland er fámennnt málsvæði er rík þörf fyrir umræðu um hvernig hægt er að tryggja framtíð íslenskrar tungu. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, lagði fram frumvarp til stjórnskipunarlaganna á 151. löggjafarþingi 2020–2021 um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Í frumvarpinu fólst að íslenska yrði formlega gerð að ríkismáli og sett í stjórnarskrá Íslands. Ástæða tillögunnar var að íslenska er hvergi nefnd sem þjóðtunga Íslendinga í stjórnarskrá Íslands. Þótt einhverjum kunni að þykja óþarft að taka þetta fram í stjórnarskrá gæti það þó reynst lykilatriði í þeirri viðleitni að halda í tungumálið þegar fram líða stundir. Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls sem tóku gildi 1. janúar 2012 er rík skylda lögð á sveitarfélögin gagnvart tungumálinu, bæði talmáli og táknmáli. Þar segir að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á „að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð“ (1.mgr. 5.gr. laga nr. 61/2011). Fleiri lög styðja íslenska tungu svo sem um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu (3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005).

Íslensk tunga stendur sterkt og er raðað í efsta styrkleikaflokk og metin „örugg“ (safe) samkvæmt mælikvarða UNESCO um stöðu og lífvænleika tungumála. Þetta byggist á því að hún er opinbert mál sjálfstæðs ríkis og þjóðtunga landsmanna. Hún er notuð á öllum sviðum þjóðlífsins, í stjórnkerfinu, í menntakerfinu, í verslun og viðskiptum, í fjölmiðlum, í menningarlífinu, á netinu, og öllum daglegum samskiptum fólks (sbr. Ara Pál Kristinsson, 2017 og Eirík Rögnvaldsson, 2016). Þrátt fyrir þessa sterku stöðu íslenskrar tungu má ekki líta fram hjá því að tilhneiging til enskunotkunar á sumum sviðum íslensks þjóðlífs virðist fara vaxandi, s.s. í ferðaþjónustu en þar er áreiti frá ensku víðtækt. Erlendum ferðamönnum sem koma til Íslands hefur fjölgað mikið og óhjákvæmilegt að samskipti Íslendinga við þá fari að miklu leyti fram á öðrum málum en íslensku (sbr. Ólaf Stephensen, 2018). Fjölbreytileiki hefur aukist í íslensku samfélagi og útlendingar setja svip á samfélagið. Með hröðum vexti í ferðaþjónustu á Íslandi hefur hlutfall útlendinga í þeirri atvinnugrein vaxið mikið. Í skýrslu sem Ferðamálastofa gerði með KPMG á árinu kemur fram að hlutfall erlendra ríkisborgara af fjölda starfandi í greinum ferðaþjónustunnar í september 2021 hafi verið 38% (*Fjárhagsgreining*, 2022, 23). Þessi staðreynd hefur einnig áhrif á stöðu íslensku í ferðaþjónustu.

Eins og fram kemur í inngangi hafa stjórnvöld sett í lög að sveitarstjórnir móti sveitarfélögum sína eigin málstefnu, sbr. 130. gr. laga nr. 138/2011. Í þessari rannsóknarskýrslu er greint frá því hvernig það hefur gengið og hvernig það kemur fram. Sömuleiðis er greint frá því hvernig skipuleggjendur og umsjónaraðilar ferðaþjónustu hafa brugðist við vaxandi ferðamannastraumi gagnvart tungumálum.

2 Aðferðafræði og gildi rannsókna

Gildi rannsóknarinnar er að auka þekkingu á stefnu sveitarfélaga og annarra opinberra aðila gagnvart málnotkun og hvort hún skiptir máli í ferðaþjónustu. Rannsóknin er eigindleg og fór þannig fram að sendir voru spurningalistar með opnum spurningum til forsvaraðila sveitarstjórna, landshlutasamtaka sveitarfélaganna, landshlutatengdra markaðsskrifstofa og skiltauppsetninga hjá Vegagerðinni.

2.1 Framkvæmda- og samstarfsaðilar

Rannsókninni stjórnðu: Anna Vilborg Einarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir, lektorar við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum (HH) og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

2.2 Tilgangur og markmið

Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í hvaða áherslur eru lagðar á notkun íslensku í tengslum við ferðaþjónustu á landinu. Það gerum við með því að kanna:

- hvort sveitarfélög, samtök og félög ferðaþjónustunnar telja sig ábyrga gagnvart íslensku tungumáli og stöðu þess innan atvinnugreinarinnar,
- málframsstefnur og forsendur fyrir mótun málstefnu,
- hvort og hvaða áherslur eru lagðar á notkun íslensku í markaðssetningu þjónustu-, eftirlits- og umsjónaraðila með ferðaþjónustunni.

2.3 Lýsing á verkefninu í stuttu máli

Verkefnið snýst um að fá úr því skorið hvort og hvernig haldið er utan um íslenskt tungumál í íslenskri ferðaþjónustu, hver aðkoma sveitarfélaga, landshlutasamtaka, markaðsskrifstofa og fleiri opinberra aðila er að því að standa vörð um íslenskt mál, hvetja til þess að það sé notað og hvaða málefnaáherslur eru lagðar í málstefnum til að vinna eftir í svæðisbundinni ferðaþjónustu og almennt.

2.4 Væntanlegur árangur, afurð

Rannsóknin á að gefa upplýsingar um:

- áherslur sveitarfélaga gagnvart málstefnu og eftirfylgni sveitarstjórnarlaga um svæðisbundna stefnumörkun í tungumálanotkun,
- hvaða reglum er fylgt við leyfisskyld upplýsinga- og þjónustuskilti,
- stjórnsýslulega stöðu gagnvart íslenskri tungu.

2.5 Gagnaöflun

Send var fyrirspurn til allra sem hafa umsjón með eða koma að leyfisveitingum í ferðaþjónustu: sveitarfélaga, landshlutasamtaka, markaðsstofa og til Vegagerðarinnar um hvort málstefna er til, eða er í vinnslu s.s. fyrir upplýsingaþjónustu og auglýsingar á skiltum. Safnað var upplýsingum um málstefnur úr fundargerðum á vefsíðum sveitarfélaganna og athugaðar áherslur í málnotkun sem fram koma á vefsíðum markaðsstofa, landshlutasamtaka og sjóða á vegum þeirra.

2.5.1 Spurningar til sveitarstjórna

Þann 14. mars 2022 var sent bréf til 64 þáverandi sveitarstjórnenda, sjá viðauka 1. Ítrekun var send 19. apríl. Bréfið bar yfirskriftina *Málstefna* og var óskað svara um hvort sveitarfélagið hefði sett fram málstefnu og hvaða áherslur það legði um notkun íslensku í ferðaþjónustu.

2.5.2 Spurningar til landshlutasamtaka

Þann 11. júlí 2022 var sent bréf með spurningum til allra landshlutasamtaka sveitarfélaganna undir heitinu: *Merkingar og skilti tengd ferðamennsku á Íslandi*, sjá viðauka 2. Þar var spurt hvort landshlutasamtökin hefðu ákveðna stefnu um málfar á skiltum fyrir ferðamenn eða hefðu sent út leiðbeiningar um tungumál í upplýsingagjöf til ferðamanna eða unnið málstefnu fyrir sinn landshluta í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011.

2.5.3 Spurningar til markaðsskrifstofa

Í maí 2022 voru sendar spurningar til markaðsstofa landsins þar sem gerð var grein fyrir rannsókninni og spurt hvort unnið væri samkvæmt ákveðinni málstefnu eða gefnar ábendingar til ferðaþjónustuaðila um málnotkun í upplýsingum og auglýsingum utan dyra á veggspjöldum, skiltum, o.fl. á starfssvæðinu. Sjá viðauka 3.

2.5.4 Spurningar til Vegagerðarinnar

Í bréfi sem var sent til þess starfsmanns Vegagerðarinnar, sem sér um skiltamál, var m.a. spurt hvort fyrirtækið ynni eftir ákveðinni málfarstefnu þegar skilti eru gerð og um reglur gagnvart skiltum meðfram vegum eða úti í náttúrunni. Sjá viðauka 4.

2.5.5 Reglur um tungumálanotkun hjá styrktarsjóðum landshlutasamtaka

Kannað var hvort fram kæmu reglur um tungumálanotkun í verklags- og úthlutunarreglum þeirra opinberu uppbyggingar- og menningarsjóða sem sveitarfélögin og samtök þeirra úthluta.


3 Úrvinnsla – um stöðu málstefna

Undir lið 3.1 eru tekin saman svör frá sveitarfélögum landsins við spurningu um málstefnur, undir lið 3.2 eru svör landshlutasamtaka, undir lið 3.3 eru svör markaðsskrifstofanna og undir lið 3.4 er fjallað um svör fulltrúa Vegagerðarinnar.

3.1 Svör sveitarfélaganna

Spurningarnar til sveitarfélaganna voru sendar út 14. mars og ítrekun send 19. apríl. Þá voru 64 sveitarfélög skráð á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og fengu þau öll sendar spurningar (sjá viðauka aftast). Í sveitarstjórnarkosningum í maí sl. fækkaði þeim. Kökuritinn hér að neðan sýna svörunina.

1 Svör sveitarfélaganna.



3.1.1 Málstefnuáherslur sveitarfélaganna

Hér fara svör forsvarsaðila þeirra sveitarfélaga sem sinntu fyrirspurn okkar um hvaða áherslur þau sveitarfélög leggja í málstefnu sinni gagnvart notkun íslensku í ferðapjónustu.

Akrahreppur hafði ekki sett sér málstefnu um notkun tungumála í ferðapjónustu (Hrefna Jóhannesdóttir, 2022).

Akureyrarbær. Þórgnýr Dýrfjörð, forstöðumaður atvinnu- og menningarmála sagði að bærinn hefði stigið „með afgerandi hætti inn í upplýsingagjöf til ferðamanna á Akureyri í ársbyrjun 2008“ með vefnum www.visitakureyri.is og síðar www.halloakureyri.is, sem er íslenska útgáfan (2022). Þórgnýr sagði allt efni frá Akureyrarbæ „á vef, vegvísunum, á upplýsingaskiltum eða í bæklingum“ vera bæði á íslensku og ensku (sama heimild). Hann vísaði hvorki til samþykktar Fræðsluráðs Akureyrarbæjar frá 18. maí 2018 að

mikilvægt væri að íslenska verði notuð til alls né samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar frá 4. janúar 2022 þar sem segir í 11. lið 5. gr. um verkefni bæjarstjórnar að setja eigi sveitarfélaginu málstefnu skv. 130 gr. sveitarstjórnarlaga. (Akureyri.is, 2018; 2021, 5. gr.).

Blönduósbær er ekki með sérstaka málstefnu (Valdimar O. Hermannsson, 2022).

Bolungarvíkurkaupstaður. Helgi Hjálmtýsson markaðs- og kynningarstjóri sagði sveitarfélagið ekki hafa sett sér málstefnu en nefndi að frá þeim væri efni eingöngu miðlað á íslensku. Covid hafði áhrif í þessum efnum þannig að „fyrir farsóttina var nokkur áhersla á að hafa efni á samfélagsmiðlum á ensku. Sem dæmi mætti nefna þá var Twitter hugsaður fremur fyrir erlent ferðafólk og eins var með Instagram en Facebook átti að höfða til innlendra aðila,“ sagði Helgi Hjálmtýsson markaðs- og kynningarstjóri (2022). Þá áherslu sagði hann að mætti að hluta til rekja til Vestfjarðastofu og markaðsstarfsemi hennar. Þeirri áherslu var kúvent í farsóttinni þegar allir samfélagsmiðlar voru notaðir til að ná til innlendra aðila. Helgi sagði Bolvíkinga hafa þá stefnu í markaðssetningu að ná til þeirra sem væru komnir inn á þeirra svæði en láta Vestfjarðastofu um að auglýsa Vestfirði fyrir aðra markhópa á samfélagsmiðlunum. Markaðsstofan hefði „ekki staðið fyrir neinum námskeiðum hvað það varðar í farsóttinni. Til dæmis var mikil áhersla á að nota [...] *The Westfjords Way* í auglýsingum en sú áhersla hvarf með erlendu ferðamönnum“ (Helgi Hjálmtýsson, 2022).

Dalabyggð hafði ekki sett sér áherslur gagnvart notkun íslensku í ferðaþjónustu (Kristján Sturluson, 2022).

Dalvíkurbyggð er eitt örfárra sveitarfélaga sem hefur sett sér málstefnu fyrir allar starfsstöðvar sínar. Það var gert árið 2019 (Katrín Sigurjónsdóttir, 2022). Í henni segir m.a.: „Vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnarsýslu Dalvíkurbyggðar. Þar er íslenska í öndvegi og skal hún vera til fyrirmyndar í samræmi við þingsályktun um íslenska málstefnu frá 2009 og lög um stöðu íslenskrar tungu“ (Dalvíkurbyggð, 2019).

Eyjafjarðarsveit var ekki með málstefnu (Finnur Yngvi Kristjánsson, 2022).

Flóahreppur var ekki með málstefnu (Eydís Þ. Indriðadóttir, 2022).

Grímsnes- og Grafningshreppur hafði ekki sett sér málstefnu en í 310. fundargerð sveitarstjórnar kemur fram að fyrir fundinum 19. september 2012 hafi legið fyrirspurn Innanríkisráðuneytisins um málstefnu sveitarfélagsins. Í fundargerðinni er sagt að málstefna í sveitarfélaginu væri „ekki endilega forgangsmál og sveitarfélagið mun líta

til þeirrar fyrirmyndar sem mun felast í málstefnu sem sett verður fyrir Stjórnarráðið“ (Ása Valdís Árnadóttir, 2022; Grímsnes- og Grafningshreppur, 2012).

Grýtubakkahreppur hafði enga stefnu sett um notkun íslensku í ferðaþjónustu. „Greinin er ekki mjög umfangsmikil í hreppnum, en þó eru nokkrir aðilar í rekstri. Tel ekki að þetta sé vandamál eða þarfnist sérstakra viðbragða hjá okkur enn sem komið er, áhugavert samt að ræða hvort setja ætti málstefnu á þessu sviði,“ sagði Þröstur Friðfinnsson sveitarstjóri (2022).

Hafnarfjarðarbær var ekki með málstefnu. Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnslu, sagði unnið „að drögum að formlegri málstefnu sem leggja verður til samþykktar sveitarstjórnar“ (2022).

Rangárþing ytra var ekki með málstefnu (Ágúst Sigurðsson, 2022).

Í **Skútustaðahreppi** höfðu þessi mál ekki verið sérstaklega rædd (Helgi Héðinsson, 2022).

Suðurnesjabær er að vinna stefnu í ferða-, safna- og menningarmálum. „Flest efni sem sveitarfélagið gefur út eins og staðan er í dag er á íslensku en í einstaka tilvikum er efni þýtt yfir á ensku og jafnvel pólsku,“ sagði Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnslusviðs (2022).

Svalbarðshreppur hafði ekki tekið málstefnu til umræðu (Sigurður Þór Guðmundsson, 2022).

Sveitarfélagið Skagafjörður hafði ekki sett „sérstaka málstefnu gagnvart íslensku í ferðaþjónustu“, sagði Heba Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum (2022).

Vesturbyggð var ekki með málstefnu en „kynningarefni á vegum sveitarfélagsins er ávallt útbúið á íslensku sem og öðrum tungumálum“, sagði Rebekka Hilmarsdóttir, 2022).

Vopnafjarðarhreppur er ekki með „neina sérstaka málstefnu“ (Sara Elísabet Svansdóttir, 2022).

3.1.2 Tungumál á leyfisskyldum auglýsinga- og upplýsingaskiltum

Sveitarfélögin fengu spurningar um hvort/hvaða skorður væru settar gagnvart tungumálum á auglýsingaskiltum fyrir vegfarendur þegar leyfi eru gefin.

Akrahreppur hafði engar skorður sett um notkun tungumála á auglýsingaskiltum en þáverandi oddviti hreppsins sagði það sína skoðun að íslenska ætti „að vera áberandi á auglýsingaskiltum fyrir vegfarendur en auðvitað þarf tungumál að fylgja með eða alþjóðlegar merkingar svo boðskapurinn skili sér alla leið svo bæði þjónustuaðilar og þjónustuþegar njóti góðs af“ (Hrefna Jóhannesdóttir, 2022).

Akureyrarbær. Þórgnýr Dýrfjörð, forstöðumaður atvinnu- og menningarmála sagði að samkvæmt upplýsingum frá skipulagsdeild bæjarins væru ekki sett nein skilyrði um tungumál þegar leyfi væru veitt fyrir auglýsingaskiltum í bænum (2022).

Blönduósbær var ekki með málstefnu gagnvart skiltum (Valdimar O. Hermannsson, 2022).

Í Bolungarvíkurkaupstað er stefnu *Vegrúnar* fylgt sem felst í að hafa efnið bæði á íslensku og ensku. „Við höfum ekki markað okkur stefnu gagnvart auglýsingaskiltum annarra aðila en vilji þeir setja upp skilti í *Vegrúnu* þá er sjálfgefið að fylgja stefnu hennar,“ sagði Helgi Hjálmtýsson, markaðs- og kynningarstjóri (2022).

Dalabyggð „hefur ekki lagt skorður á tungumál á auglýsingaskiltum fyrir vegfarendur þegar leyfi eru gefin fyrir þeim,“ sagði Kristján Sturluson, sveitarstjóri (2022).

Í Dalvíkurbyggð var sett málstefna árið 2019. Í henni segir að „allt efni sem skylt er að upplýsa íbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri og auðskiljanlegri íslensku. Þetta á meðal annars við um skipulagsákvæðanir, grenndarkynningar, auglýsingar, tilkynningar, reglugerðir og aðrar samþykktir“ (Dalvíkurbyggð, 2019).

Eyjafjarðarsveit hefur ekki sett fram stefnu um tungumál á skiltum (Finnur Yngvi Kristjánsson, 2022).

Í Flóahreppi eru öll upplýsingaskilti „sem unnin eru fyrir sveitarfélagið á íslensku og ensku“ (Eydís Þ. Indriðadóttir, 2022). Að öðru leyti stýrir hvert ferðapjónustufyrirtæki því á hvaða tungumáli þjónustan er veitt.

Grímsnes- og Grafningshreppur gefur „ekki leyfi fyrir auglýsingaskiltum við vegi og hefur því ekki sett neinar leiðbeiningar eða reglur varðandi það,“ sagði Ása Valdís Árnadóttir, oddviti hreppsins og vísaði þar til þess að í tilfellum skilta við vegi er það Vegagerðarinnar að gefa slík leyfi (2022).

Í Grýtubakkahreppi höfðu skiltamál sjaldan borið á góma. „Vegagerðin hefur alfarið lögsögu og eftirlit með skiltum við þjóðvegi,“ sagði Þröstur Friðfinnsson, (2022).

Hafnarfjarðarbær setur engar skorður gagnvart tungumálum á skiltum en „breytingar á reglum vegna slíkra leyfa eru nú þegar í endurskoðun hjá umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins“ (Sigurður Nordal, 2022).

Í Rangárþingi ytra hafði Atvinnu- og menningarmálanefnd haft tungumálanotkun á skiltum til umræðu, sagði Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri (2022).

Í Skútustaðahreppi höfðu þessi mál ekki verið rædd sérstaklega (Helgi Héðinsson, 2022).

Suðurnesjabær hefur sett upp skilti í sveitarfélaginu þar sem efni er bæði á íslensku og ensku. Suðurnesjabær er í samstarfi við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum sem „eru að

hefja undirbúning að skiltahandbók fyrir svæðið og má gera ráð fyrir að tungumál rati þar inn,“ sagði Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs (2022).

Verkefnisstjóri atvinnu-, menningar- og kynningarmála í **Skagafirði** sagði nýverið vera farið „að notast við leiðbeiningar *Vegrúnar* varðandi skiltauppsetningar“ (Heba Guðmundsdóttir, 2022). Jafnframt að í „öllum tilvikum þegar merkingar eru settar niður þarf að upplýsa viðkomandi sveitarfélag um það og sækja um viðeigandi leyfi. Það er síðan hlutverk sveitarfélagsins að veita leyfi fyrir merkingunum“ (sama heimild).

Oddviti **Svalbarðshrepps** sagði tungumál á skiltum aldrei hafa komið til umræðu (Sigurður Þór Guðmundsson, 2022).

Í **Vesturbyggð** hafði ekki mikið reynt á þetta síðustu ár en „upplýsingaskilti innan sveitarfélagsins eru almennt á íslensku,“ sagði Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri (2022).

Vopnafjarðarhreppur er „ekki með neina sérstaka málstefnu gagnvart notkun íslensku í ferðapjónustu en allt sem er gefið út (skilti og bæklingar) er prófarkalesið,“ sagði Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri, (2022).

3.1.3 Umfjöllun um málstefnu sveitarfélaga í fundargerðum

Af þeim 46 sveitarfélögum sem svöruðu ekki fyrirspurn okkar kom í ljós að fjórtán þeirra höfðu fjallað um málstefnu með einhverju móti. Þetta kemur fram í fundargerðum á vefsíðum þeirra. Flest höfðu tekið fyrir erindisbréf frá Innanríkisráðuneytinu, sem dagsett var 21. september árið 2012, þar sem spurst var fyrir um hvort sveitarfélagið hefði unnið og tekið upp málstefnu samkvæmt 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þar er kveðið á um að sveitarstjórnir móti sveitarfélögunum málstefnu og hvatt til „að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er“ og að gerð sé „grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu“ (sveitarstjórnarlög nr. 138, 2011). Upplýsingar um málstefnu fengust ekki frá 32 sveitarfélögum, hvorki á vefsíðum né í svörum við fyrirspurnum okkar.

Árborg. Þann 4. október 2012 var fyrirspurn frá Innanríkisráðuneytinu um málstefnu tekin fyrir og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu án nokkurra málalenginga um hvernig svarið ætti að vera (Árborg, 2012).

Bláskógabyggð. Á fundi byggðarráðs þann 31. janúar 2013 var kynnt tölvuskeyti frá Birni Pálssyni um málstefnu fyrir Þingvallavatn (Bláskógabyggð/blaskogabyggd.is, 2013, án bls. tals). Ekkert fleira er bókað um erindið og í stefnumótun fyrir Þingvallapjóðgarð sem gefin er út í apríl 2019 kemur ekkert fram um málstefnu (Þingvellir, 2019).

Fjarðabyggð. Á byggðaráðsfundi þann 8. október 2012 var tekið fyrir erindi frá

Innanríkisráðuneytinu um hvort sveitarfélög hafi tekið upp málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga. Bókun byggðarráðs, sem er í 17. lið fundargerðarinnar, var að málstefna hefði „ekki fengið sérstakan forgang hjá Fjarðabyggð, umfram öll þau verkefni sem lögin fela í sér, en líkt og önnur verkefni sem vinna þarf í tengslum við hin nýju lög, verður stefnan unnin á næstu misserum. Forstöðumanni stjórnsýslu falið að svara ráðuneyti“ (Fjarðabyggð, 2012).

Hafnarfjörður. Í fundargerð byggðarráðs Hafnarfjarðar frá 18. nóvember 2021 segir að ráðið hafi samþykkt að „hafinn verði undirbúningur að gerð málstefnu fyrir Hafnarfjarðar-kaupstað í samráði við Íslenska málnefnd í samræmi við 130. gr. sveitarstjórnarlaga“ (Hafnarfjörður, 2021).

Húnavatnshreppur. Samkvæmt 125. fundargerð hreppsnefndar var fyrirspurn um málstefnu sveitarfélaga frá Innanríkisráðuneytinu vísað til umfjöllunar í félagsmálanefnd (Húnavatnshreppur, 2012). Þær fundargerðir eru ekki birtar á vefsíðu sveitarfélagsins.

Hörgárbyggð. „Sveitarstjórn samþykkti að veittar verði umbeðnar upplýsingar um málstefnu sveitarfélagsins,“ segir í 19. lið 29. fundargerðar frá 21. nóvember 2012 (Hörgárbyggð, 2012). Þar var sennilega verið að bregðast við fyrirspurn Innanríkisráðuneytisins.

Ísafjörður. Fyrirspurn frá Innanríkisráðuneytinu um með hvaða hætti Ísafjarðarbær hafi uppfyllt lagaákvæði 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um málstefnu var tekin fyrir á bæjarráðsfundi þann 2. október 2012. Bæjarstjóra var falið að svara erindinu (Ísafjörður, 2012).

Kaldrananeshreppur. Fyrirspurn Innanríkisráðuneytisins um málstefnu var tekin fyrir á sveitarstjórnarfundum þann 17. október 2012 (9. lið). Þar segir að sveitarstjórn hafi „ekki hafið vinnu við gerð málstefnu fyrir sveitarfélagið, og enn um sinn mun íslenska vera aðalmálið á sveitarstjórnarfundum“ (Dranganes, 2012).

Kópavogur. Samkvæmt fundargerð Kópavogsbæjar frá 27. september árið 2012 var fyrirspurn Innanríkisráðuneytis tekin fyrir (Kópavogur, 2012). Bæjarráð fól bæjarritara að svara erindinu en ekki kemur fram með hvaða hætti.

Mosfellsbær hefur skýra menningarstefnu sem gildir til 2024 en þar er hvergi minnst á málstefnu (Mosfellsbær, 2022).

Norðurþing. Á byggðaráðsfundi þann 4. október 2012 var fyrirspurn Innanríkisráðuneytisins um málstefnu bókuð undir 3. lið fundargerðar. Þar segir að undirbúningur að málstefnu sé ekki hafinn en að bæjarráð telji „rétt að framkvæmt verði kostnaðarmat við gerð- og innleiðingu á málstefnu áður en ákvörðun verði tekin um tímasetningu innleiðingar“ (Norðurþing, 2012).

Rangárþing eystra. Fyrirspurn Innanríkisráðuneytis var tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar 8. nóvember 2012 en engin viðbrögð voru bókuð (Rangárþing eystra, 2012).

Reykjavíkurborg setti málstefnu árið 2017. Í henni segir að íslenska skuli vera í öndvegi og til fyrirmyndar og að „allt efni sem skylt er að upplýsa borgarbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri og auðskiljanlegri íslensku. Þetta á meðal annars við um skipulagsákvæðanir, grenndarkynningar, auglýsingar, tilkynningar, reglugerðir og aðrar samþykktir“ (Reykjavík.is, e.d.1). Í tillögum að innleiðingu málstefnu Reykjavíkurborgar, verkþáttum, tímasetningum og ábyrgðaraðilum er tekið fram að málfar á útgefnu efni og í upplýsingamiðlun á vegum borgarinnar eigi að vera í samræmi við málstefnuna (Reykjavík.is, e.d.2). Í maí 2020 samþykkti Reykjavíkurborg reglur um skilti. Tekið er fram að veita eigi ráðgjöf með góðu málfari „á útgefnu efni og í upplýsingamiðlun á vegum borgarinnar“ og það sé í samræmi við setta málstefnu (Reykjavík, 2020).

Skagaströnd. Fyrirspurn Innanríkisráðuneytisins um málstefnu var tekin fyrir á sveitarstjórnarfundi þann 9. október 2012 og ákveðið að svara ráðuneytinu því „að slík málstefna hafi ekki verið mótuð“ (Skagaströnd, 2012).

Vogar. Á fundi bæjarráðs þann 17. október 2012 var fyrirspurn Innanríkisráðuneytisins svarað þannig að vegna þess hve ný sveitarstjórnarlög fælu í sér fjölmörg ný verkefni teldi bæjarráð það „eðlilegt að innleiðing laganna taki tíma og sveitarfélagið þarf, rétt eins og ráðuneytið, að forgangsraða verkefnum innan þess ferlis. Málstefna sveitarfélagsins sé þar ekki endilega forgangsmál“ (Vogar, 2012).


Þingeyjarsveit. Málstefna var kynnt á sveitarstjórnarfundi þann 4. október 2012 og ekkert bókað nánar um það (Þingeyjarsveit, 2012).

3.2 Svör samtaka sveitarfélaganna

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga *Framtíðin er hér*, sem fjallar um stefnumörkun sambands sveitarfélaganna 2018–2022, er ekkert minnst á tungumál (Samband, e.d.). Send var fyrirspurn til framkvæmdastjóra allra landshlutasamtaka sveitarfélaganna í júní 2022 um hver staða málstefnu á þeirra svæðum væri og hvort þau mál hefðu verið rædd. Svörunin var eins og fram kemur á kökuritinu hér fyrir neðan. Spurningarnar sem forsvarsfólk samtakanna fengu voru:

1. Hefur sambandið þitt, eða samtökin, mótað stefnu um málfar eða tungumálaval á opinberum gögnum eins og skiltum í og við náttúruskoðunarstaði, menningarminjar eða staði þar sem einhvers konar ferðþjónusta er veitt?
2. Hefur sambandið/hafa samtökin sett fram leiðbeiningar um tungumálanotkun til ferðþjónustuaðila á svæðinu?
3. Fylgir sambandið/samtökin einhverjum ákveðnum reglum eða skilgreiningum um eigin skilti meðfram vegum eða úti í náttúrunni, s.s. hvað varðar stærð, litaval, tungumál?
4. Hefur málstefna verið mótuð eða verið til umræðu í stjórn þíns sambands/þinna samtaka?

2 Svörun landshlutasamtaka sveitarfélaganna.



Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, svaraði því til að:

- 1) Gefin hefði verið út leiðbeinandi handbók til að hafa að leiðarljósi við miðlun upplýsinga úti í náttúrunni (2022). Þar átti hann við sömu handbók og Margrét Björk Björnsdóttir, forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands, nefndi (2022).

- 2) Páll Snævar sagði að eitt af þeim markmiðum sem sett væru fram í handbókinni væri að „undirstrika sérstöðu Íslands með því að vera alltaf með íslensku sem fyrsta tungumál“ (2022).
- 3) Í umræddri handbók „er megináhersla á að taka tillit til sérstöðu þess svæðis sem unnið er að merkingu eða upplýsingagjöf við útlitshönnun og framsetningu á skiltum – ekki er mælt með samræmdu útliti á skiltum á öllu Vesturlandi – heldur að leggja áherslu á sérstöðu hvers svæðis“ (Páll Snævar Brynjarsson, 2022).
- 4) Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hafa ekki mótað sér málstefnu.

Unnur Valborg Hilmarisdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sagði að:

- 1) Málfars- eða málstefna hefði ekki verið mótuð en að „þau skilti sem SSNV hefur staðið að hafa verið á íslensku og ensku“ (2022).
- 2) Bent sé á leiðbeiningar *Vegrúnar*.
- 3) Það litla sem gert hafi verið væri „unnið í samræmi við þá staðla sem til staðar eru“, s.s. samkvæmt *Vegrúnu* (2022).
- 4) Um það hvort málstefna hefði verið mótuð eða verið til umræðu í stjórn samtakanna sagði Unnur það hefði „ekki verið gert enda höfum við ekki valdheimildir til að móta stefnu fyrir sveitarfélögin sem slík“ (2022).

Daníel Einarsson, framkvæmdastjóri Reykjaness jarðvangs, svaraði fyrirspurnum okkar fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum svohljóðandi.

- 1) Daníel sagði að öll upplýsingaskilti sem Reykjaness jarðvangur „setur upp eru ávallt á íslensku og ensku“ og þess gætt „að heimildir séu réttar og ljósmyndir á skiltum notaðar í samræmi við höfundarrétt hverju sinni“ (2022).
- 2) Starfsmenn jarðvangsins veita „sveitarfélögum og öðrum ráðgjöf um upplýsingaskilti þannig að þau samræmist skiltum jarðvangsins“ (Daníel Einarsson, 2022).
- 3) Stuðst er við handbókina *Vegrúnu* um merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum. „Stærð, útfærsla eða tegund skiltis fer eftir aðstæðum og tilgangi hverju sinni“ og „tungumál er alltaf íslenska og enska“ (Daníel Einarsson, 2022).
- 4) Ekkert svar var við fjórðu spurningunni.

3.3 Svör frá landshlutatengdum markaðsstofum

Dagana 4. og 17. maí voru sendar fyrirspurnir til landshlutabundnu markaðsstofanna um hvort þær hefðu sett fram málstefnu eða gefið aðrar ábendingar til ferðaþjónustuaðila gagnvart málnotkun í upplýsingum og auglýsingum utan dyra á veggspjöldum, skiltum o.fl. á starfssvæði sínu. Fjórar markaðsstofur svöruðu erindinu:

- 1) Margrét Björk Björnsdóttir, forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands, sagði að stofan hefði fengið styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2020 til að ráða meistaranema í hagnýtri menningarmiðlun til að taka saman „leiðbeinandi handbók fyrir upplýsingamiðlun og merkingar utandyra á Vesturlandi“ (2022). Í handbókinni segir að undirstrika eigi „sérstöðu Íslands með því að vera alltaf með íslensku sem fyrsta tungumál“ í upplýsingagjöf og að „upplýsingar skulu vera fyrst á íslensku en svo á öðrum tungumálum eftir því sem við á“ (Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir, 2020, 5, 33). Handbókin var send öllum sveitarfélögum á Vesturlandi til leiðsagnar og er hin sama og Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, vísaði til hér framan (2022).
- 2) Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, sagði að þar gildi sú stefna að nota alltaf íslensku í starfseminni. „Þannig þýðum við gögn yfir á íslensku ef þarf og eigum tvær útgáfur af öllu kynningarefni,“ sagði hún (2022). Á Covid-tímum hvöttu þau ferðaþjónustuaðila til að hafa kynningarefni á íslensku en hún sagði að stofan hefði „engin ráð með að skylda fyrirtækin í þetta, getum aðeins komið með ábendingar þegar við á og sýnt gott fordæmi“ (2022).
- 3) Þuríður Halldóra Aradóttir, forstöðumaður Markaðsstofu Reykjanes, sagði að þau reyndu „eftir fremsta megni að setja allt okkar efni fram á íslensku án þess þó kannski að segja það upphátt eða setja það fram í stefnum okkar“ (2022). Á Reykjanesi, sem er UNESCO Global Geopark, fylgir jarðvangurinn „stefnu alþjóðlega netverksins, þar sem ávallt skal halda á lofti móðurmáli svæðisins og þýða svo efnið yfir á annað tungumál,“ sagði Þuríður Halldóra. Hún benti einnig á að vefslóðin visitreykjanes.is opnast fyrst „á íslensku síðuna okkar og viðkomandi þarf síðan að velja ensku. Þrátt fyrir að meginþorri lesenda sé af erlendum uppruna“ (sama heimild). Þuríður Halldóra lagði áherslu á „mikilvægi þess að byggja upp og þróa áfangastaðinn í sátt við samfélagið“ þegar unnin er áfangastaðaáætlun (sama heimild). Þar væri „upplýsingagjöf mikilvægur þáttur í því að fá íbúa til þátttöku og til að styrkja ímynd

svæðisins, að setja efni fram á íslensku og svo ensku“, sagði hún og tók einnig fram að stöðum þar sem pólska er einnig sett fram hafi fjölgað á hennar starfssvæði „vegna fjölda Pólverja sem búa á svæðinu“ (sama heimild).

- 4) Höfuðborgarstofu var send fyrirspurn um málstefnu þann 17. maí og barst samstundis svohljóðandi svar „Greetings from Reykjavík. This is an automatic reply“ og ýmsar upplýsingar á ensku, þannig að viðtakanda var ætlað að skilja það tungumál. Pósturinn var áframsendur til forstöðumanns. Íris Alma Vilbergsdóttir, verkefnastjóri skrifstofu og almannatengsla, svaraði kallinu og sagði hún að Höfuðborgarstofa hefði ekki sett saman málstefnu eða gefið ábendingar til ferðaþjónustuaðila en að þau gæfu „út markaðsefni á ensku þegar því er beint til erlendra ferðamanna en íslensku þegar því er beint til íbúa og innlendra gesta“ (2022).

3.3.1 Ferðamálasamtök

Ferðamálasamtök Íslands voru lögð niður árið 2016 og Íslandsstofa tók við flestum hlutverkum þeirra. Ferðamálasamtök Íslands voru samstarfsvettvangur átta landshlutabundinna samtaka sem markaðsstofur landshlutanna eru sprotnar upp af og hafa þær tekið við mörgum þeim verkefnum sem ferðamálasamtökin höfðu með höndum (Ferðamálastofa, 2016). Nokkur ferðamálasamtök eru enn starfandi víða um land og miðað við vefsíður þeirra eru þau misjafnlega umsvifamikil. Í beinagrind að stefnu Ferðamálasamtaka Vestfjarða til 2020 segir að þýsku- og enskumælandi fólk séu mikilvægir markhópar fyrir vestfirska ferðaþjónustu. Þar er einnig tekið fram að það þurfi „að rannsaka og skilgreina betur hvað ferðamaðurinn vill sjá varðandi bætt framboð og hærra þjónustustig“ (*Drög að stefnu Vestfirskra ferðamála*. e.d.). Önnur samtök um ferðamál veita ekki upplýsingar um málstefnu eða annað sem snertir tungumál á vefsíðum sínum sem eru yfirleitt á íslensku.

3.4 Uppbyggingar- og menningarsjóðir

Uppbyggingar- og menningarsjóðir landshlutanna fá ógrynni umsókna sem snerta ferðamál, ferðaþjónustu og eða ferðamennsku. Okkur lék forvitni á að vita hvort sjóðsstjórnirnar sendu styrkþegum ábendingar um æskilega tungumálanotkun þegar styrkt vara/framboð frá þeim er auglýst.

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs **Vesturlands** er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Vesturlandi. Í verklags- og úthlutunarreglum sjóðsins segir ekkert um tungumálanotkun (SSV, (e.d.).

Í úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs **Vestfjarða** voru tungumál ekki sérstaklega nefnd en gefinn er kostur á að sækja um jafnt á íslensku, ensku og á pólsku (Vestfirðir, 2020).

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs **Norðurlands vestra** er að styrkja annars vegar menningarverkefni og hins vegar atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni (SSNV, (e.d. 1). Í 9. gr. úthlutunarreglna sjóðsins segir að „sé umsóknin á ensku skal fylgja með stutt greinargerð um efni umsóknarinnar á íslensku“ (SSNV, e.d. 2). Þar er bent á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en í þeim markmiðum sem falla að menntun fyrir alla er sagt að helsta áskorunin sé að efla læsi og tryggja framtíð íslenskrar tungu (Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, e.d.).

Tungumálanotkun er hvorki nefnd í úthlutunarreglum né í mati umsókna hjá Uppbyggingarsjóði **Norðurlands eystra** (SSNE, e.d.).

Hjá Uppbyggingarsjóði **Austurlands** eru mjög ítarlegar úthlutunar- og matsreglur en þar er ekkert að finna um tungumálanotkun (Tinna K. Halldórsdóttir, Signý Ormarsdóttir, e.d.).

Í úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs **Suðurlands** 2020–2024 er hvergi minnst á tungumál (SASS, e.d.).

Uppbyggingarsjóður **Suðurnesja** er samkeppnissjóður sem styður við menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Suðurnesjum (SSS, e.d.). Í úthlutunarreglum sjóðsins er ekki minnst á tungumál (SSS, e.d.).

3.5 Málfarstengd skilyrði skiltaleyfisveitinga Vegagerðarinnar

Í skýrslunni *Vegvísun að ferðamannastöðum – Brún skilti* sem unnin var af Ólöfu Kristjánsdóttur o.fl. var kannað hvernig Vegagerðin gæti notað brún skilti til að auðkenna þjóðgarða og aðra ferðamannastaði (2018). Með brúnu skiltunum er lögð áhersla á sameiginleg tákni sem fólk þekkir frá nágrennalöndum okkar fremur en að nota séríslensk þjónustutákn og fleiri en eina gerð eins og nokkuð ber á (Ólöf Kristjánsdóttir o.fl., 2018, 2–9, 15). Þá segir að erlend staðarheiti séu ekki leyfileg á skiltum „nema þau komi fyrir í gagnagrunni LMÍ“ (Ólöf Kristjánsdóttir o.fl., 2018, 20)¹. Í sérstökum kafla um tungumál segir að þótt einhver breytileiki sé á milli nágrennalöndanna um notkun tungumála „virðast þau sammælast um mikilvægi þess að vernda tungumálið og miðla staðarheitum á vegvísunum. Staðarheiti eru tekin úr opinberum kortaskrá og ekki eru ný heiti sett í slíkar skrár nema vera yfirfarin“. Vísað er til þess að mikilvægt sé að setja fram stefnu um tungumálanotkun á skiltum en að æskilegt sé

¹ LMÍ eru Landmælingar Íslands.

„að notuð sé íslenska en undantekning þó gerð eins og til dæmis við alþjóðaflugvelli o.þ.h. Þar sé notuð íslenska og enska og einnig þegar verið er að vara við hættu“ (Ólöf Kristjánsdóttir o.fl., 2018, 21).

Umhverfið er mikilvægur þáttur í upplifun ferðamanna. Aðdráttarafl Íslands fyrir ferðamenn tengist einkum ósnortinni náttúru, fjölbreyttu landslagi og vel varðveittum menningarminjum. Ferðaþjónusta í landinu sækir í síauknum mæli í hvers konar merkingar við vegi landsins. Ef vel á að vera þarf að halda fast utan um leyfi fyrir hvers konar skiltum. Þörf er á heildarsýn yfir verklag á uppsetningu skilta meðfram vegakerfinu þar sem horft verður til náttúru- og menningarverðmæta ásamt upplifun af umhverfi og náttúru. Gagnrýnið mat á því í hvaða tilvikum notkun erlends texta á umferðarskiltum, þjónustu- og upplýsingamerkjum á rétt á sér og þá um leið í hvaða tilvikum nauðsynlegt er að nota erlendan texta á skilti. Því er mikilvægt að til séu skýr viðmið um heimildir fyrir uppsetningu skilta og notkun erlends texta á þeim. Mörk milli þjónustuvegvísunar og auglýsinga þurfa einnig að vera skýr, sbr. skýrsluna *Stefnumótun í skiltun meðfram vegakerfinu*, (2016, 3). Vegagerðin hefur til skoðunar brún skilti og brúna vegvísa til auðkenningar fyrir ferðamannastaði og metið hvernig best væri að innleiða brúnan lit á skilti í reglugerð um umferðarmerki héraendis. Í fyrrnefndri skýrslu er farið vel yfir reglugerðir og fyrirkomulag í Noregi, Svíþjóð og Danmörku um erlendan texta, heiti og merki á vegvísunarskiltum og afstöðu til auglýsinga meðfram vegum. Helstu niðurstöður þeirrar skýrslu sýna að viðhorf til skiltunar séu mismunandi. Þó að viðhorfin fari ekki saman þá virðast löndin sammála um mikilvægi þess að vernda tungumálið og miðla staðarheitum á vegvísunum. Staðarheiti á Íslandi eru tekin úr kortaskrá Landmælinga Íslands og ný heiti ekki skráð nema vera yfirfarin. Mikilvægt er að móta stefnu um tungumál á skiltum. Ráðlagt er að nota tákni til að auðvelda skilning fyrir fólk frá mismunandi löndum, eða nafn staðar á vegvísunum. Þar sem nota þarf texta á skilti er æskilegt að notuð sé íslenska en undantekning leyfð til dæmis við alþjóðaflugvelli. Þar sé notuð íslenska og enska og einnig þegar verið er að vara við hættu. Við notkun staðarheita á að miða við samþykkt örnefni viðurkennd af opinberum aðila, til dæmis samkvæmt kortagrunni Landmælinga Íslands. Ekki er leyfilegt að nota erlend fyrirtækja- eða vörumerkjaheiti. Hugsanlega ætti Vegagerðin að útbúa lista um ákveðin erlend orð sem leyfilegt verði að nota á umferðarmerkjum. Til dæmis orð eins og AIRPORT, CAR FERRY, BUS TERMINAL, MUSEUM, NATIONAL PARK, VISITOR CENTER og ACCOMMODATION.

Landmælingar Íslands heyra undir Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Stofnunin hefur það hlutverk að safna, vinna úr, varðveita og miðla landupplýsingum um Ísland

(Landmælingar Íslands, e.d.). Stofnunin starfar annars vegar samkvæmt lögum um landmælingar og grunnkortagerð og hins vegar samkvæmt lögum um grunngerð stafrænna landupplýsinga.

Hér er útdráttur úr lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls:

- 1 gr. Þjóðtunga – opinbert mál. Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.
- 2. gr. Íslenskt mál. Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. [...]
- 5. gr. Málstefna. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og skulu sjá til þess að hún sé notuð. Um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 6. gr. [...]
- 8. gr. Opinbert mál stjórnvalda. Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.

Í drögum að vinnureglum frá Vegagerðinni eins og þau stóðu við vinnslu þessa verkefnis segir um vegvísun:

Að mati skýrsluhöfundar mætti bæta við texta um að heimilt sé að nota erlendan texta á skilti þar sem verið er að vara við hættu, til að ná einnig til erlendra ferðamanna. Þá væri æskilegt að miða við að nota bæði íslensku og ensku en ekki annað tungumál. Mjög útbreiddur skilningur er á ensku og það er því ekki óeðlilegt val. Sé fleiri tungumálum bætt við er erfitt að velja hvað það ætti að vera og ef tungumálin eru orðin mörg þá eru skilti fljótt orðin of stór eða texti of lítill og ill læsilegur (Ólöf Kristjánsdóttir o.fl. 2018, 22).

Í þessu samhengi skal minnt á 72. grein laga um náttúruvernd frá 2013 nr. 60 um *Auglýsingar utan þéttbýlis*:

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem starfsemin eða framleiðslan fer fram. Við hönnun slíkra auglýsinga skal þess gætt að þær falli sem best að svipmóti lands. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni greinarinnar og úrskurðar um vafaatriði. Uppsetning auglýsinga meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis sem uppfylla ekki skilyrði 2. málsl. 1. mgr. eða reglugerðar skv. 2. mgr. varðar refsingu, sbr. 90. gr. (lög um náttúruvernd 72/2913).

Sé horft til Norðurlandanna má benda á að í skýrslunni *Stefnumótun í skiltun meðfram vegakerfinu* (2016) eru nefndir neðangreindir fjórir þættir. Einar Pálsson, forstöðumaður vegþjónustudeildar Vegagerðarinnar, tók að sér að svara hver væri staða þeirra út frá verklagi Vegagerðarinnar (2022).

- ◆ **Hlutverk umferðarskilta í varðveislu og miðlun menningarverðmæta** (spurt var hvort Vegagerðin hafi mótað **stefnu** um málfar á skiltum í og við náttúruskoðunarstaði og staði þar sem einhvers konar ferðþjónusta er veitt): Stefna Vegagerðarinnar hefur verið sú að ekki skipti máli hver reki þjónustuna heldur einungis hvar þjónustan er. Tiltölulega stutt er síðan ferðþjónusta var einungis á fáum bæjum og skiltun þá viðráðanlegri. Það sem áður fyrir var heimilað gengur ekki upp í dag þegar þorri bæja eða rekstraraðila vill fá skilti út við veg (Einar Pálsson, 2022).
- ◆ **Notkun tungumála á umferðarskiltum.** Vegagerðinni ber að fara að lögum um íslenskt mál og hefur stofnunin verið virkur þátttakandi í þýðingu fag- og tækniorða yfir á íslensku. Vegorðasafn Vegagerðarinnar er aðgengilegt í gagnvirkri útgáfu sem inniheldur um 2000 íðorð er tengjast vegagerð (Einar Pálsson, 2022; Vegagerðin, e.d).
- ◆ **Reglur um vegvísa** (spurt var hvort uppsetning skilta væri leyfisskyld frá hendi Vegagerðarinnar og hvers konar aðkomu og/eða leiðbeiningar stofnunin gefur til þeirra sem óska eftir að setja upp skilti): Vegvísar halda utan um og varðveita örnefni og hafa þeir því menningarlegt hlutverk. Heitið skal vera rétt stafsett og aðeins nöfn sem hafa verið samþykkt fyrir opinbera kortagerð skulu notuð á vegvísa. Staðarheiti sem eru notuð eiga að vera til á skrá Landmælinga yfir örnefni. Vegvísar eru nær undantekningalaust á íslensku en þó eru til dæmi um enska vegvísa sem slæðst hafa inn og eru þyrnir í augum Vegagerðarinnar en vilji til að taka á (Einar Pálsson, 2022).
- ◆ **Afstaða vegayfirvalda til auglýsinga meðfram vegum** (Spurt var hvort til væru reglur eða skilgreiningar um skilti meðfram vegum eða úti í náttúrunni, s.s. hvað varðar stærð, litaval eða málfar og hvort Vegagerðin fylgi einhverjum reglum um tungumál á slíkum skiltum): Almennt gildir að það á ekki að setja upp auglýsingaskilti í opnu landi. Undantekningar finnast þó í náttúruverndarlögum fyrir meðal annars fyrirtækjauglýsingar, skilti á atvinnusvæðum og minni upplýsingaskilti. Uppsetning skilta er leyfisskyld frá Vegagerðinni. Reynt er að nota tákni í stað texta þar sem það er hægt. Það er einkum á undirmerkjum, vegvísam, upplýsingamerkjum og bráðabirgðamerkjum þar sem texti kemur fyrir. Þar sem texti er nauðsynlegur er hann hafður eins knappur og hægt er. Ef talin er þörf á ensku er íslenska höfð á undan og gjarnan meira áberandi (Einar Pálsson, 2022).

Hérlendis hefur mikið verið rætt um skilti sem annaðhvort eru ekki til staðar við ferðamanna- staði eða eru óskiljanleg erlendum ferðamönnum sem leiðir af sér hættur og jafnvel slys. Þessi skilti eru jafnvel hættu- og aðvörunarskilti þar sem tíðkast hefur að hafa þau á íslensku og á ensku. Hægt er að gera betur í slíkum dæmum svo sem fram kemur í skýrslu Birnu Hreiðars- dóttur þar sem hún rekur þessi vandamál (2014, 17, 22). Mikilvægt er að nota tákn á skiltum sem eiga að vera alþjóðleg og lýsandi.

4 Umræður og niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingu um að andvaraleysi gagnvart stöðu íslensku sé ríkjandi hvort sem það er hjá opinberum aðilum eða stoðkerfi ferðaþjónustunnar. Snertifletir ferðaþjónustunnar eru fjölmargir, bæði í atvinnulífi og þjóðlífi. Ferðamálastofa fer samkvæmt lögum með framkvæmd ferðamála og sem dæmi um stoðkerfi ferðaþjónustunnar má nefna Íslandsstofu og markaðsstofur í landshlutunum sem styðja við sveitarfélögin um land allt. Viðbrögð sveitarfélaganna við lagaákvæðum um málstefnu árið 2011 voru dræm og sömuleiðis við fyrirspurnum okkar en 46 af 64 sveitarfélögum svöruðu henni ekki þrátt fyrir ítrekun. Markaðsskrifstofurnar voru einnig fremur tregar að tjá sig um áherslur í málnotkun á skiltum.

Hver er skýringin? Er hún andvaraleysi gagnvart stöðunni eða sú trú að ekki sé þörf fyrir málstefnu? Þegar leitað var skýringa á því hvers vegna enginn gat svarað fyrir sveitarfélögin var oftast en ekki vitnað í þann orðasveim að sveitarfélögin hefðu „það fyrir sið“ að svara ekki fyrirspurnum sem engin svör væru til við. Sé það svo er það ljóður á íslenskri stjórnsýslu. Hugsanlegt er að ekki sé öllum ljóst hvað átt er við með málstefnu og hvaða máli skiptir að sveitarfélög hafi opinbera stefnu um tungumál. Það hefur þó verið ofarlega í umræðunni hversu mjög enska sækir að íslensku. Er e.t.v. litið svo á að það efli viðskiptin að nota ensku fremur en íslensku?

Málstefnu eiga ekki að fylgja boð og bönn. Hvað geta sveitarfélögin haft að leiðarljósi til að styðja og styrkja móðurmálið? Er lögð rækt við móðurmálið og er hægt að nota það í samskiptum? Málstefna á að vera hvatning til að gera sem best á sem flestum sviðum, byggja upp heilbriggt viðhorf til tungumálsins þannig að það eflist og dafni um leið og við tökum í auknum mæli þátt í alþjóðlegri samvinnu hnattvæðingarinnar (sbr. Guðrún Kvaran 2006).

Miðað við fyrri rannsóknir halda minni fyrirtæki í ferðaþjónustu, þar sem eigendurnir starfa sjálfir, fremur í íslenskuna en stærri ferðaþjónustufyrirtækin sem virðast eiga erfitt með að

manna stöður nema með erlendum starfskröftum (Anna Vilborg Einarsdóttir o.fl., 2021, 49). Þá er kunnátta í ensku fremur skilyrði fyrir ráðningu heldur en íslenska. Um leið verður enska tungumálið sem notað er á vinnustaðnum. Tíð hreyfing á starfskröftum í tímabundinni ráðningu tengist oft húsnæðiseklu og starfsmenn ráðnir til skamms tíma leggja litla áherslu á að læra íslensku (Anna Vilborg Einarsdóttir o.fl., 2021, 30; Unnur Dís Skaptadóttir, 2007, 13).

Í drögum að stefnumótun fyrir vestfirsk ferðamál er bent á að rannsaka eigi og skilgreina hvað ferðamaðurinn vill sjá „varðandi bætt framboð og hærra þjónustustig“ (*Drög að stefnu Vestfirskra ferðamála*, e.d.). Við má bæta að kominn er tími til spyrja erlenda ferðamenn um áhuga þeirra á að sjá og heyra íslensku á ferð um landið til þess að fá þær niðurstöður á hreint og vinna út frá þeim. Í viðræðum okkar við aðila, bæði innan og utan ferðaþjónustunnar, hafa komið fram meiningar um að hagstæðast væri að leyfa enskunni að taka við af íslenskunni.

Ljóst virðist vera að þörf er á heildarsýn yfir verklag á uppsetningu skilta meðfram vegakerfi landsins. Í ljósi fjölgunar erlendra ferðamanna þarf að fylgjast með notkun erlends texta á umferðarskiltum og á þjónustu- og upplýsingamerkjum og hvort og í hvaða tilvikum það sé nauðsynlegt að nota erlendan texta á skilti. Úttekt á umferðarskiltum héraðs frá árinu 2014 gefur til kynna að margt megi bæta og að skilti séu oft misvísandi fyrir erlenda ferðamenn (Birna Hreiðarsdóttir, 2014). Aftur á móti verður einnig að horfa til náttúru- og menningarverðmæta ásamt upplifun af umhverfi og náttúru Íslands. Því er mikilvægt að til séu skýr viðmið um heimildir fyrir uppsetningu skilta og notkun erlends texta á þeim. Mörk milli þjónustuvegvísunar og auglýsinga þurfa einnig að vera skýr. Fordæmi eru fyrir því héraðs að nöfn og merki (lógó) fyrirtækja séu sett á vegvísa. Ekki er hægt að gera einu fyrirtæki hærra undir höfði en öðru og tilgangur vegvísunar er í grunninn að aðstoða fólk við að rata. Hins vegar er ljóst að á vegum þar sem þjónusta er af skornum skammti getur það hjálpað fólk að fá upplýsingar um gerð og staðsetningu þjónustu meðfram veginum.

Niðurstaðan er sú að þrátt fyrir að stjórnvöld hafi lagt fram þá kröfu til sveitarfélaganna að þau móti sína eigin málstefnu hafa þau yfirleitt ekki gert það og skipuleggjendur ferðaþjónustu og umsjónaraðilar hennar hafa ekki brugðist við ruðningsáhrifum ensku á íslensku í auglýsingum. Dæmi um þetta er stefnuramma Samtaka ferðaþjónustunnar til ársins 2030 undir fororðunum: *Leiðandi í sjálfbærri þróun*, þar sem ekkert er fjallað um tungumál (Samtök ferðaþjónustunnar, e.d.). Er ekki kominn tími til að spyrja um sjálfbærniáform ferðamálayfirvalda gagnvart íslenskri tungu?

Lokaorð

Hvetja þarf opinberar stofnanir eins og Vegagerðina og fleiri þær stofnanir, sem gefa leyfi fyrir t.d. uppsetningu skilta eða kosta þau, að binda leyfin, fjármögnunina, skilyrðum um tungumálanotkun. Hið sama gildir um sveitarfélögin, markaðsstofurnar, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og Byggðastofnun. Þrjár þær síðasttöldu geta haft áhrif á þróun tungumálanotkunar í ferðaþjónustu. Eins og flestum ætti að vera kunnugt um þá létu Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vinna leiðbeiningar árið 2019 um það hvernig haga skuli merkingum og leiðakerfum um landið, undir nafninu *Vegrún* (Góðar leiðir, e.d). Margir hafa nýtt sér þær en nauðsynlegt virðist samt að ganga enn lengra og gera það að skyldu að hver sá sem auglýsir vöru, eða leiðbeinir fólki á skiltum eða með öðrum hætti, verði alltaf að nota íslensku og hafa hana á undan öðrum tungumálum.

Meginatriðið er að það sé áhugi á að nota íslensku og skilningur á því að hún skipti máli fyrir menningu okkar. Ef málstefna nýtur ekki stuðnings er lítil von um að hún beri árangur.

Heimildir

- Akureyri. (2018). *Stjórnkerfi. Fundargerðir. Málsnúmer 2018050165*.
<https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/fundargerdir/malsnumer/2018050165>
- Akureyri. (2021). *Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar*.
https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/Samthykkir_nefnda_21/b_nr_1674_2021.pdf
- Anna Vilborg Einarsdóttir, Ágústa Þorbergsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir. (2021). *Ráðandi tungumál í íslenskri ferðaþjónustu*, Háskólinn á Hólum.
https://www.holar.is/static/files/Ferdamaladeild/Utgefid/radandi_tungumal_i_isl_ferda.pdf
- Anna Vilborg Einarsdóttir & Sigríður Sigurðardóttir. (2020). Tungumál í ferðaþjónustu. *Málfregnir*. 1. tölublað. 18. árgangur, nóvember 2020, 21–27.
<http://islenskan.is/images/Malfregnir/malfregnir-2020-28-1-tbl.pdf>
- Ari Páll Kristinsson. (2017). *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Árborg. (2012). *Stjórnsýsla, Fundargerðir*. <https://www.arborg.is/stjornsysla/stjornkerfi/eldri-fundargerdir/111-fundur-baejarrads>
- Birna Hreiðarsdóttir. (2014). Umferðarmerki á Íslandi í ljósi fjölgunar erlendra ökumanna á vegum landsins (No. 1800-443). *Vegagerðin*.
[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/stefnumotun_i_skiltun_medfram_vegakerfinu/\\$file/Stefnum%C3%B3tun%20me%C3%AD%20skiltum%20me%C3%B0fram%20vegum.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/stefnumotun_i_skiltun_medfram_vegakerfinu/$file/Stefnum%C3%B3tun%20me%C3%AD%20skiltum%20me%C3%B0fram%20vegum.pdf)
- Bláskógabyggð. (2013). <https://www.blaskogabyggd.is/133-fundur/>
- Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir. (2020). *Handbók um vegvísun, merkingar og upplýsingagjöf á áningarstöðum á Vesturlandi*. Markaðsstofa Vesturlands.
- Dalvíkurbyggð. (2019). *Málstefna Dalvíkurbyggðar*.
<https://www.dalvikurbyggd.is/static/files/Adalvefur/Stefnur/190219.malstefna-dalvikurbyggdar.lok.pdf>
- Drangsnæs. (e.d). *Stjórnsýslan, Fundargerðir*.
<https://drangsnæs.is/stjornsyslan/fundargereir/279-sveitarstjornarfundur-17-oktober-2012>
- Drög að stefnu Vestfirskra ferðamála*. (e.d.) Ferðamálasamtök Vestfjarða.
<https://www.vestfirskferdamal.is/skraarsafn/flokkur/22/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2016). Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírnir* vor 2016, 17–31.
- Ferðamálastofa. (2016). <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/ferdamalasangtok-islands-logd-nidur>
- Fjarðabyggð. (e.d.). <https://www.fjardabyggd.is/stjornsysla/nefndir-og-rad/fundargerdir-nefnda-og-rada>

- Fjárhagsgreining. Áætluð staða íslenskrar ferðabjónustu í árslok 2021.* (2022, 4. janúar). Ferðamálastofa, Ráðgjafasvið KPMG.
<https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/greining-a-fjarhagsstodu-ferdathjonustufyrirtaekjapdf>
- Góðar leiðir. (e.d.). <https://godarleidir.is/vegrun/um-kerfid>.
- Grímsnes- og Grafningshreppur. (2012). *Stjórnsýsla, Fundargerðir.*
<https://www.gogg.is/is/stjornsysla/fundargerdir/sveitarstjorn/80>
- Guðrún Kvaran. (2006, 21. janúar). Íslensk málstefna – hvað er nú það? *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 4–5.
- Hafnarfjörður. (2021). *Stjórnsýsla, Fundargerðir.*
<https://www.hafnarfjordur.is/stjornsysla/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=U5AYIEjyKUuNfB3qc7PdsA1&text=>
- Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun. (e.d.). *4. Menntun fyrir alla.*
<https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/hagnytt-efni/merki/?itemid=abf50269-3f29-11e9-9436-005056bc530c>.
- Húnavatnshreppur. (2012). *Fundargerðir.*
<https://www.hunavatnshreppur.is/static/files/hreppsnefnd%20125%20fundur.pdf>
- Hörgárbyggð. (2012). *Stjórnsýsla, Fundargerðir.*
<https://www.horgarsveit.is/is/stjornsysla/fundargerdir/sveitarstjorn/sveitarstjorn-fundur-nr-29>
- Ísafjörður. (2012). *Stjórnsýsla, Fundargerðir.*
<https://www.isafjordur.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/eldri-fundargerdir/baejarrad/baejarrad-767-fundur>
- Íslensk málnefnd. (2021). Íslensk málstefna 2021–2030.
https://islenskan.is/images/Islensk_malstefna_sept_2021.pdf
- Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009.* (2009). Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/4405/islenska_til_alls_2009-11-06.pdf?sequence=1
- Kópavogur. (2012) *Stjórnsýsla, Fundargerðir.*
<https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/baejarrad/1466>
- Kópavogur.is. (e.d.) <https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/baejarrad/1466>
- Landmælingar Íslands. (e.d.). Lög og reglugerðir. <https://www.lmi.is/is/um-lmi/starfsemi/log-og-reglugerdir>
- Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markmiðssetningu*, nr. 57/2005.
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2005057.html>
- Lög um náttúrvernd*, nr. 60/2013. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls, nr. 61/2011.

<https://www.althingi.is/lagas/152c/2011061.html>

Mosfellsbær. (2022). *Menningarstefna Mosfellsbæjar 2020–2024*.

https://mos.is/media/2022/03/menningarstefna_mosfellsbæjar_04.11.2020.pdf

Norðurþing. (2012). *Stjórnsýsla, Fundargerðir*.

<https://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefid-efni/fundargerdir/baejarrad-nordurthings/107>

Ólafur Stephensen. (2018). Er íslenzkan smámál eða metnaðarmál? *Málfregnir* 26, bls. 9–11.

<https://islenskan.is/images/Malfregnir/malfregnir-2018-26-2-tbl.pdf>

Rangárþing eystra. (2012). *Stjórnsýsla, Fundargerðir*.

<https://www.hvolsvollur.is/is/ibuar/skipulagsmal/frettir-og-tilkynningar/167-fundur-sveitarstjornar-rangarthings-eystra>

Reykjavík. (2020). *Samþykkt um skilti í Reykjavík*.

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/samthykkt_um_skilti_mai_2020_-_endanleg_utgafa_a_vef.pdf

Reykjavík. (e.d.1). *Málstefna Reykjavíkurborgar*.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/malstefna_reykjaviku_rborgar_-_19._mai.pdf

Reykjavík.is. (e.d.2).

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/malstefna_reykjaviku_rborgar_-_19._mai.pdf

Samtök ferðaþjónustunnar. (e.d.). *Leiðandi í sjálfbærni, þróun. Íslensk ferðaþjónusta til 2030*.

https://www.saf.is/wp-content/uploads/2019/07/Lei%C3%B0arlj%C3%B3s-%C3%ADslenskrar-fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu-2030_Final_Samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt.pdf

SASS. (e.d.) <https://www.sass.is/uppbyggingarsjodur/uthlutunarreglur/>

Skagaströnd (e.d.2). *Stjórnsýsla / Fundargerðir*.

<https://www.skagastrond.is/static/files/gamli/stjori/1140-27.pdf>

SSNE. (e.d.) <https://www.ssne.is/is/malaflokkar/soknaraetlun/uppbyggingarsjodur>

SSNV. (e.d. 1.) <https://www.ssnv.is/is/uppbyggingarsjodur>

SSNV. (e.d. 2.)

https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/Uppbyggingarsjodur/skjol_2022/uthlutunarreglur-2022.pdf

SSS. (e.d.) <https://sss.is/blog/starfsemi/uppbyggingarsjodur/>

SSS. (e.d.) <https://sss.is/uthlutunarreglur-uppbyggingarsjods/>

Stefnumótun í skiltun meðfram vegakerfinu Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar. (2016). VSÓ ráðgjöf.

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/stefnumotun_i_skiltun_medfram_vegakerfinu/\\$file/Stefnum%C3%B3tun%20%C3%AD%20skiltum%20me%C3%B0fram%20vegum.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/stefnumotun_i_skiltun_medfram_vegakerfinu/$file/Stefnum%C3%B3tun%20%C3%AD%20skiltum%20me%C3%B0fram%20vegum.pdf)

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011138.html>

Tinna K. Halldórsdóttir, Signý Ormarsdóttir. (e.d.) *Uppbyggingarsjóður Austurlands, Úthlutunarreglur, Áherslur, Mat umsókna*. https://austurbru.is/wp-content/uploads/2020/05/uppbsj_uthlutunarreglur_2020.pdf

Unnur Dís Skaptadóttir. (2007). Ólíkar raddir: Afstaða innflytjenda til íslensks máls. Í: Gauti Kristmannsson & Ólafur Rastrick (ritstj.), *Ritið: 1/2007*, bls. 45–62. Tímarit Hugvísindastofnunar. Háskólaútgáfan.
<https://timarit.is/page/6205133?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/riti%C3%B0%202007>

Ólöf Kristjánsdóttir, Einar Pálsson, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir. (2018). *Vegvísun að ferðamannastöðum – Brún skilti*. Lokaskýrsla. Verkefni styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar. Apríl 2018. Mannvit.
[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/vegvísun_ferdamannastadir_brun_skilti/\\$file/Vegv%C3%ADsun%20a%C3%B0%20fer%C3%B0amannast%C3%B6%C3%B0um%20-%20br%C3%BA%20skilti.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/vegvísun_ferdamannastadir_brun_skilti/$file/Vegv%C3%ADsun%20a%C3%B0%20fer%C3%B0amannast%C3%B6%C3%B0um%20-%20br%C3%BA%20skilti.pdf)

Vegagerðin. (e.d.). Vegorðasafnið. <https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/vegordasafn>

Vegrún. (e.d.). <https://godarleidir.is/vegrun/inngangur>

Vestfirðir. (2020) <https://www.vestfirdir.is/static/files/Uppbyggingarsjodur/90458-vestfjardastofa-soknaraetlun21.pdf>

Vogar. (2012). *Stjórnsýsla, Fundargerðir*.
<https://www.vogar.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/fundargerdir/baejarrad-sveitarfelagsins-voga/395>

Pingeyjarsveit. (2012). *Fundargerðir*.
<https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/fundargerdir/sveitastjorn/2012/fundur-nr.-110-4.10.2012.pdf>

Pingvellir. (2019). *Þjóðgarðurinn á Pingvöllum. Stefnumörkun*.
<https://www.thingvellir.is/media/1754/a1072-023-u02-stefnumorkun-vefur.pdf>

Óformleg netsamskipti

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, 5.5.2022.

Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri, Rangárbings ytra, 28.3.2022.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti, Grímsnes- og Grafningshrepps, 26.4.2022.

Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs hjá Suðurnesjabæ, 23.4.2022.

- Daníel Einarsson, framkvæmdastjóri Reykjanes UNESCO Global Geopark, 25.8.2022.
- Einar Pálsson, forstöðumaður vegþjónustudeildar Vegagerðarinnar, 19.7.2022.
- Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri, Flóahrepps, 22.4.2022.
- Finnur Yngvi Kristjánsson, sveitarstjóri, Eyjafjarðarsveitar, 22.4.2022.
- Heba Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum í Skagafirði, 13.7.2022.
- Helgi Héðinsson, oddviti Skútustaðahrepps, 14.3.2022.
- Helgi Hjálmtýsson, markaðs- og kynningarstjóri, Bolungarvíkurkaupstaðar, 22.4.2022.
- Hrefna Jóhannesdóttir, oddviti Akrahrepps, 24.3.2022.
- Íris Alma Vilbergsdóttir, verkefnastjóri Höfuðborgarstofu, 23.5.2022.
- Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri, Dalvíkurbyggðar, 25.4.2022.
- Kristján Sturluson, sveitarstjóri, Dalabyggðar, 22.4.2022.
- Margrét Björk Björnsdóttir, forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands, 5.5.2022.
- Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, 19.7.2022.
- Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri, Vesturbyggð, 19.3.2022.
- Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri, Vopnafjarðahrepps, 26.4.2022.
- Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnslu hjá Hafnarfjarðarbæ, 1.4.2022.
- Sigurður Þór Guðmundsson, oddviti Svalbarðshrepps, 26.4.2022.
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, 22.7.2022.
- Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri, Blönduóssbæjar, 17.3.2022.
- Þórgnýr Dýrfjörð, forstöðumaður atvinnu- og menningarmála hjá Akureyrarbær, 22.4.2022.
- Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri, Grýtubakkahrepps, 14.3.2022.
- Þuríður Halldóra Aradóttir, forstöðumaður Markaðsstofu Reykjaness, 5.5.2022.

Viðauki 1 Spurningar til sveitarstjóra/oddvita sveitarfélagsins

Málefni: Málstefna

Á undanförunum tveimur árum hafa undirritaðar skoðað stöðu tungumála í íslenskri ferðaþjónustu og m.a. gefið út skýrslu þar um, sjá *Ráðandi tungumál í íslenskri ferðaþjónustu* á https://www.holar.is/static/files/Ferdamaladeild/Utgefid/radandi_tungumal_i_isl_ferda.pdf.

Í ljósi þess hver niðurstaðan var stendur hugur okkar til þess að skoða hvaða áherslur sveitarfélögin leggja um íslenskunotkun. Við veltum tvennu fyrir okkur:

- 1) hvaða áherslur leggur sveitarfélagið í málstefnu sinni gagnvart notkun íslensku í ferðaþjónustu?
- 2) hvaða skorður eru settar gagnvart tungumálum á auglýsingaskiltum fyrir vegfarendur þegar leyfi eru gefin?

Viðauki 2 Spurningar til landshlutasamtaka sveitarfélaga

Merkingar og skilti tengd ferðamennsku á Íslandi

Ágæti viðtakandi.

Skilti með nöfnum eða ýmsum upplýsingum og auglýsingum eru gjarnan það fyrsta sem ferðamenn taka eftir og lesa þegar þeir koma að ferðaþjónustusvæðum, áfangstöðum eða náttúruperlum okkar. Undirritaðar vinna nú að úttekt á tungumálanotkun á slíkum skiltum, m.a. með styrk frá Rannsóknasjóði Byggðastofnunar. Þáttur í þessari könnun er athugun á aðkomu landshlutasamtaka og sambanda sveitarfélaganna að slíkum skiltum og stefnu þeirra gagnvart gerð þeirra. Einkum eru það landeigendur, sveitarfélög, opinberar stofnanir og ferðaþjónustufyrirtæki sem setja upp skilti með auglýsingum eða upplýsingum, sem þessi könnun nær til. Við værum þakklátar fyrir að fá svör við eftirfarandi spurningum.

1. Hefur sambandið þitt, eða samtökin, mótað stefnu um málfar eða tungumálaval á opinberum gögnum eins og skiltum í og við náttúruskoðunarstaði, menningarminjar eða staði þar sem einhvers konar ferðaþjónusta er veitt?
2. Hefur sambandið/hafa samtökin sett fram leiðbeiningar um tungumálanotkun til ferðaþjónustuaðila á svæðinu?
3. Fylgir sambandið/samtökin einhverjum ákveðnum reglum eða skilgreiningum um eigin skilti meðfram vegum eða úti í náttúrunni, s.s. hvað varðar stærð, litaval, tungumál?

Í 130. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011 segir að sveitarstjórnir eigi að móta sveitarfélögunum málstefnu þar sem hvatt er til „að öll gögn liggi fyrir á íslensku svo sem kostur er“ og að gerð sé „grein fyrir heimilum undantekningum á þeirri reglu“. Í því ljósi spyrjum við:

4. Hefur málstefna verið mótuð eða verið til umræðu í stjórn þíns sambands/þinna samtaka?

Viðauki 3 Spurningar til markaðsstofa landshlutanna

Ágæti viðtakandi,

á undanförunum tveimur árum hefur undirrituð, ásamt Önnur Vilborgu Einarsdóttur, lektor hjá Háskólanum á Hólum og Ágústu Þorbergsdóttur, sérfræðingi hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, skoðað stöðu tungumála í íslenskri ferðaþjónustu og m.a. gefið út skýrslu þar um, sjá *Ráðandi tungumál í íslenskri ferðaþjónustu* á

https://www.holar.is/static/files/Ferdamaladeild/Utgefid/radandi_tungumal_i_isl_ferda.pdf

Í ljósi þess hver niðurstaðan var stendur hugur okkar til þess að sjá hvort markaðsstofurnar hafa lagt einhverjar áherslur gagnvart málnotkun á upplýsingum til ferðamanna.

- Hefur markaðsstofan sett málstefnu eða gefið aðrar ábendingar til ferðaþjónustuaðila gagnvart málnotkun í upplýsingum og auglýsingum utan dyra á veggspjöldum, skiltum o.fl. á starfssvæði sínu?

Viðauki 4 Spurningar til Vegagerðarinnar

Ágæti viðtakandi!

Við undirritaðar vinnum að athugun á málfari á hvers konar skiltum í og við náttúruperlur, ferðaþjónustusvæði og aðra áfangastaði ferðafólks.

Ýmsir hópar, s.s. landeigendur, sveitarfélög, stofnanir og ferðaþjónustufyrirtæki, vilja setja upp skilti með auglýsingum eða upplýsingum. Við höfum áhuga á að kanna aðkomu Vegagerðarinnar að slíkum skiltum og við værum þakklátar að fá svör við eftirfarandi spurningum:

1. Hefur Vegagerðin mótað **stefnu** um málfar á skiltum í og við náttúruskoðunarstaði og staði þar sem einhvers konar ferðaþjónusta er veitt?
2. Er uppsetning skilta **leyfisskyld** frá hendi Vegagerðarinnar?
3. Hvers konar **aðkomu** og/eða **leiðbeiningar** hefur Vegagerðin til þeirra sem óska eftir að setja upp skilti?
4. Eru til **reglur** eða **skilgreiningar** um skilti meðfram vegum eða úti í náttúrunni, s.s. hvað varðar **stærð, litaval eða málfar**?
5. Fylgir Vegagerðin einhverjum reglum um **tungumál** á slíkum skiltum?

Við þiggjum gjarnan viðbótarupplýsingar um þessi mál. Ef einhverju má bæta við vangaveltur okkar, vinsamlega bætið því við.

Viðauki 5 Myndir af skiltum



3 Dæmi um skilti þar sem íslenska er í öndvegi.



4 Dæmi um skilti þar sem upplýsingar eru eingöngu á ensku.



5 Dæmi um skilti þar sem upplýsingar eru á íslensku og ensku en íslenska kemur á undan.



6 Dæmi um skilti þar sem upplýsingar eru á ensku eru meira áberandi en þær íslensku.